

Mættar: Berglind Axelsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir, Sesselja Kristinsdóttir og Sunna Guðný Högnadóttir

- Síðasti fundur féll niður vegna veikinda en engu að síður hefur farið fram vinna vegna dags íslenskrar tungu sem er þriðjudaginn 16. nóvember 2021. Kristjón Daðason mun sjá um söngsal fyrir 1.-4. bekk í Stykkinu en svo mun hver bekkjarkennari og íslenskukennarar á unglिंगastigi ákveða hvað skuli gert innan þeirra bekkja í tilefni dagsins.
- Rætt aftur um erindi frá Auði Björgvinsdóttur varðandi K-pals námskeið og hvort slíkt námskeið geti gagnast 1. bekkjar kennurum þegar kemur að vinnu varðandi hljóðavanda nemenda. Berglind ætlar að senda læsisteyminu slóð inn á síðuna um Pals lestur.
- Rætt var um samstarf vegna Júlíönu – hátíð sögu og bóka en stefnt er að því að rithöfundur komi og vinni með ákveðnum bekkjum á mið- og/eða unglिंगastigi fyrir hátíðina sem haldin verður 24.-26. febrúar 2022. Þá yrði haldinn viðburður í skólanum, föstudaginn 25. febrúar þar sem afrakstur vinnunnar yrði sýndur. Þá var einnig rætt hvort yngri bekkir skólans gætu unnið verkefni tengd þema hátíðarinnar og haldið sýningu þá daga sem hátíðin stendur yfir. Sunna, Ásdís og Nanna munu vinna þetta verkefni áfram þegar nær dregur sýningunni og staðfest hefur verið hvaða rithöfundur mun koma til okkar.
- Læsissteymi þarf að taka saman niðurstöður úr lesfimiþrófun og ákveða hvernig best væri að setja niðurstöðurnar fram fyrir kennara skólans.
- Rætt um að ræða hvernig best sé að haga endurgjöf til leikskólans varðandi lestrar- og lesfimi í 1. bekk.
- Sunna sagði frá skráningu þegar kemur að stafa- og hljóðþekkingu barna á leikskólanum Kiðagili þar sem unnið er markvisst að málörvun en þar gerir starfsfólk leikskólans reglulega stafa- og hljóðakönnun hjá nemendum á leikskólanum og heldur nákvæma skráningu yfir hvaða stafi og hljóð börn þekkja. Mögulega væri sniðugt að kynna þetta fyrirkomulag fyrir leikskólanum hér þar sem slík skráning gæti verið afar hagnýt fyrir kennara 1. bekkjar að hafa. Sjá hér um læsi á Kiðagili: <http://kidagil.karellen.is/Skolastarfid/Svona-erum-vid>
- Nanna ræddi kynningu á jólabókum, þá hefur komið upp sú hugmynd að hún heimsæki hvern bekk fyrir sig og verði með kynningu á jólabókum í heimastofum bekkjanna. Hún mun hafa samband við umsjónarkennara og íslenskukennara á unglिंगastigi varðandi kynningarnar.
- Nanna ræddi einnig um jólasveinalestur en ef nemendur lesa fimm bækur, þá fá þeir bókamerki með nafni sínu og gömlu jólasveinamerki og geta svo haldið áfram að safna límmiðum á bókamerkin sín ef þeir eru duglegir að lesa.
- Ákveðið var að rýna í niðurstöður úr lesfimiþrófun á næsta fundi ásamt því að skipuleggja lestrarátak sem sett verður af stað í janúar.